

Viðhorfskönnun gerð meðal nemenda Tjarnarskóla í lok 1. annar (1. viku í október)

skólaárið 2010-2011

Við viljum ávallt vera vakandi fyrir vellíðan og velferð nemenda í skólanum. Í lok 1. annar (af fjórum) lögðum við fyrir viðhorfskönnun meðal nemenda um líðan þeirra og spurðum hvort einhver hefði verið lagður í einelti þær vikur sem skólinn hafði starfað.

Einelti

- Nemendur voru spurðir um hvort þeir hafi orðið fyrir einelti í skólanum og þá hvar ef svo hafi verið. Ef svarið var já, þá voru gefnir fjórir möguleikar um að segja frá hvar; í frímínútum, kennslustundum, íþróttum, annars staðar. Nemendur voru einnig beðnir um að útskýra í hverju eineltið hafi falist – ef svarið var já.
- Við möguleikann „já“ var einnig spurt hvort nemendur teldu að skólustjóri/kennarar hafi vitað af neikvæðri hegðun.
- Nemendur voru einnig spurðir að því hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri sem tengist einelti sem þeir teldu að kennarar/skólustjóri þyrfti að vita um svo hægt væri að bæta úr.

Líðan nemenda

Nemendur voru einnig beðnir um að svara hvernig þeim hafi liðið í skólanum á 1. önn

=====

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Einelti

Kvos (7./8. bekkur)

Hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum nú á 1. önn?

Já, (1)

Skýring: Strákur í bekknum, tekur af mér tölvuna og kemur illa fram við mig í frímínútum. Mér finnst það mjög leiðinlegt.

Nei, (10)

Telur þú að einhver annar nemandi hafi orðið fyrir einelti í skólanum í vetur.

Já (0)

Nei (10)

Lækur (9. bekkur)

Allir nemendur svöruðu báðum spurningum neitandi.

Einn nemandi sagðist hafa orðið fyrir einelti fyrir utan gamla skólann sinn á þessu tímabili sem fólst í því að hafa orðið fyrir neikvæðu orðbragði og fleira.

Smiðja (10. bekkur)

Allir nemendur svara báðum spurningum neitandi.

Einn nemandi nefndi þó að allra fyrstu dagana hafi einn nemandi, sem er hættur í skólanum, verið með neikvæðar athugasemdir um aðra.

Líðan nemenda

Nemendur voru einnig beðnir um að svara hvernig þeim hafi liðið í skólanum á 1. önn

Svarmöguleikar voru sex; mjög vel, vel, nokkuð vel, frekar illa, illa, mjög illa.

Niðurstöður voru eftirfarandi, en 36 nemendur af 42 tóku þátt þennan dag:

Kvos 11 nem.			Lækur 10 nem.			Smiðja 15 nem.			Allir = 36		
Mjög vel	Vel	Nokkuð vel	Mjög vel	Vel	Nokkuð vel	Mjög vel	Vel	Nokkuð vel	Mjög vel	Vel	Nokkuð vel
6	3	2	5	3	2	7	5	3	18	11	7
55%	27%	18%	50%	30%	20%	47%	33%	20%	50%	31%	19%

Þessar niðurstöður draga það fram að 80% nemenda skólans segja sér líða *mjög vel* eða *vel*

